



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði lögmanns Færeyja
til heiðurs
Vestnorræna ráðinu
á 30 ára afmæli þess
Þórshöfn, Færeyjum
10. ágúst 2015**

Lögmaður Færeyja
Ráðherrar, þingmenn
Kæru gestir

Það er í senn ánægja og heiður að þakka fyrir hönd okkar gestanna lögmanni Færeyja og færeyskum vinum fyrir þessa góðu og höfðinglegu veislu, fagnað kjörinna fulltrúa í tilefni af 30 ára afmæli Vestnorræna ráðsins.

Færeyjar hafa verið okkur Íslendingum frá fyrstu tíð traustur frændgarður, áfangastaður sem forfeður okkar og formæður höfðu í hávegum; Grænland svo næsti nágranni sem deilir með okkur sögunum af þeim sem fyrir þúsund árum fundu Ameríku, löngu á undan öðrum Evrópumönnum – og skiluðu henni aftur!

Vinátta Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga er ekki bara efniviður í hátíðarræður; hún er lifandi reynsla fólksins sjálfs með djúpar

rætur í sögu og nútíð. Nánast sérhver fjölskylda getur rakið fjölda dæma og ég á mörg slík í forum mínum.

Þegar ég var að alast upp, strákur vestur á fjörðum, á Ísafirði og Þingeyri, voru færeysku skútukarlarnir tíðir gestir. Við strákarnir spiluðum oft við þá fótbolta; unnum alltaf, því færeysku sjómennirnir, sumir reyndar bara unglingar, þurftu að spila í stígvélum; áttu ekki annað því tími íþróttaskónna var ekki runninn upp – einu landsleikirnir sem ég hef fengið að taka þátt í. Bróðir Guðrúnar Katrínar heitinnar, fyrri konu minnar, var um árabíl ráðunautur í landbúnaði á Grænlandi og færði okkur í fjölskyldunni lifandi frásagnir af lífsbaráttu fólksins og stórkostlegri náttúru þessa víðfeðma lands.

Þannig getum við öll rakið persónulegar sögur, reynslu sem er kjölfesta í samvinnu vestnorrænu þjóðanna þriggja, veganesti kjörinna fulltrúa Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga þegar þeir koma saman í Vestnorræna ráðinu, vettvangi sem á sér merka sögu og er nú og enn frekar í framtíðinni sífellt mikilvægari vegna vaxandi vægis Norðurslóða í hagkerfi heimsins og alþjóðlegu samstarfi.

Meira en helmingur G20 ríkjanna, þar á meðal forysturíki í Asíu og Evrópu, eru nú ásamt Bandaríkjunum og Rússlandi á einn eða annan hátt við ákvarðanaborð á Norðurslóðum.

Á slíkum breytingatímum er dýrmætt að finna í sérhverri veislu þar sem Færeyingar, Grænlandingar og Íslendingar koma saman, að við erum ekki bara gestir í góðu borðhaldi; við erum vinir að gera sér sameiginlega glaðan dag; komnir enn á ný á eins konar fjölskylduhátíð.

Lögmaður Færeyja á þakkir skildar fyrir að bjóða okkur í þennan fagnað. Já, reyndar hef ég alltaf öfundað Færeyinga af þessum glæsta og sögulega titli: lögmaður – mun betri en forseti eða forsætisráðherra á

íslensku; minnir okkur Íslendinga á aldirnar þegar lögsögumaðurinn var á tímum hins forna íslenska þjóðveldis æðsti fulltrúi þjóðarinnar.

Lögsögumaður; lögmaður. Heitin eiga djúpar rætur í sögu okkar og virðingu fyrir lögunum; arfleifð sem er í senn grundvöllur og vegvísir fyrir samstarfið í hinu Vestnorræna ráði.

Því bið ég góða gesta að rísa úr sætum og skála fyrir lögmanni Færeyja og ævarandi og einstakri vináttu Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga.